

Verk A, Þjónustuíbúðir fatlaðra.

Hér á eftir kemur kafli dúkklagningar úr verklýsingu fyrir þjónustuíbúðir fatlaðra. Þetta er hús á tveimur hæðum með 27 íbúðum og þjónusturými. Öll gólf eru dúklögð ásamt veggjum á böðum.

1 Kafli X Dúkalögn

Útveggir og gólf jarðhæðar eru staðsteypt. Önnur milligólf eru kúluplötur og milliveggir eru klæddir gifsplötum. Stigar og stigapallar eru forsteyptar einingar. Í verkinu felst lögn á linoleumdúk á 27 íbúðir, ganga, stiga upp tvær hæðir og þjónusturými. Öryggis- og veggdúkalögn á 30 baðherbergi. Teikning yfir gólf og veggdúk sýnir skiptingu efna milli rýma. Áætlaðar megin magntölur verks:¹

Undirvinna undir gólfduk	2.410 m ²
Linoleum	2.110 m ²
Öryggisdúkur	300 m ²
Veggdúkur	680 m ²
Linoleum listar <Hæð í cm>, á vegg og innréttingar	2.090 lm
Tröppur (1,3 lm)	36 stk

Við alla vinnu skal farið eftir leiðbeiningum framleiðanda dúks og fylgiefna um undirbúning og framkvæmd. Verktaki skal, í samráði við byggingarstjóra, halda utan um efni með þeim hætti að gæði þess rýrni ekki á verktíma. Verkstað skal hafa snyrtilegan og á verktaki, í samráði við byggingastjóra, að sjá til þess að aðgengi annarra sé ekki skert að óþörfu vegna vinnu hans eða annarra aðfanga sem honum fylgja. Allt gólfefni skal lagt af fagmönnum og skal verktaki leggja fá staðfest samþykki áður en verk er unnið fyrir öllum undir- og yfirlagnaefnum sem hann skaffar til verksins áður en verk er unnið.

1.1 Undirvinna undir gólfduk

Undirbúningur gólfa fyrir spörtlun skal vera með þeim hætti að tryggt sé að grunnur og þar með spartl fái festu við gólfplötu svo að það þoli 3N/mm² lóðréttan togkraft. Þó er ekki gert ráð fyrir blæstri plötu með stálkulum. Flotspartla á gólf, með Uzin 170 Level Star eða sambærulegu, undir allan duk með að jafnaði 3mm þykkt efnis og berist á í einni umferð. Í þeim rýmum sem niðurföll eru í gólfum skal tryggja nægjanlegan vatnshalla að þeim þannig að vatni liggi ekki yfir gólfi eftir notkun sturtu eða leki á milli rýma. Sprungu-, holufyllingar og aðrir fletir s.s. fram- og ofanstig þar sem flotspörtlun er ekki komið við skulu meðhöndlast með viðeigandi viðgerðaeftum og skal það vera innifalið í einingarverði undirvinnu gólfa.

¹ Yfirlit er ekki nauðsynlegt í verklýsingu en er sett fram hér sem dæmi um verkþætti í magntöluskrá.

Greitt er fyrir hvern fermetra undirvinnu gólfa og er innifalið, efni og verkfæri til að fullgera verkliðinn.

1.2 Undirvinna undir veggdúk

Þessi liður er felldur undir ábyrgðarsvið málningarverktaka sem skilar veggjum spörtluðum með sértilgerðu votrúmsspartli og slípuðum en ekki grunnuðum.²

Ekki er greitt fyrir vinnu umfram vinnu málningarverktaka vegna undirvinnu undir veggdúk.

1.3 Linoleumdúklögn á gólf

Linoleumdúkur skal vera að gerð **< Framleiðandi, tegund, litanúmer, þykkt >**³ og litaskipting skal vera skv. teikningu **<Nr. Teikningar>**. Öll samskeyti eiga að vera soðin með **<einlitum eða marglitum>** þræði viðeigandi við litanúmer dúks skv. skilgreiningu frá framleiðanda⁴. Haga skal lögn þannig að ekki verði til óþarfa samskeyti. Dúk skal líma með viðeigandi lími og í nægjanlegu magni skv. tilmælum framleiðanda dúks. Árangur af límingu skal vera með þeim hætti að allur dúkur sé og haldist fastur við væntan ágang og aðstæður⁵. Lögn skal, svo fljótt sem auðið er, þrifa með vatni og bóna tvær umferðir með fljótandi gólfbóni viðurkenndu af framleiðanda dúks.

Greitt er fyrir hvern fermetra dúks sem er lagður og er innifalið efni og verkfæri til að fullgera verkliðinn.

1.4 Linoleum góflistar

Góflistar úr linoleum skulu vera af sömu tegund og litanúmeri og dúkur á gólfi. Góflistar eiga að vera **< Hæð í sentimetrum >** háir og sjóða í kverk með þræði viðeigandi með litanúmeri dúks eins og tilgreint er í 1.3. Tryggja skal festu suðuþráðs með fræsingu kverkar áður en soðið er.

² Þar sem undirvinna undir veggdúk er nánast sú sama og undir málningu getur verkkaupi valið hvorn verktakann hann lætur annast þennan lið. Ef verkkaupi telur verkþætti betur fyrirkomid hjá dúklagningarverktaka eða skilflötur milli málningar- og dúklagningarverktaka óheppilegur má allt eins fella hann í kafla um dúklögn í verklýsingu.

³ T.d. Marmoleum Real, 2621, 2.5mm. Þetta getur verið uppptalning ef fleiri en ein gerð, þykkt eða liturnúmer.

⁴ Öllum litanúmerum dúks fylgir ákveðin litur suðuþráðs það er því ekki þörf á að taka fram annað nema að sjóða eigi samskeyti með öðrum lit. Allir framleiðendur linoleum dúks bjóða upp á einlitan suðuþráð við hvert litanúmer súks en sumir framleiðendur bjóða einnig upp á marglitan þráð með ákveðnum tegundum og litanúmerum linoleumdúks.

⁵ Í verklýsingum hingað til er oft skilgreind þyngd valtare sem nota á í límingu. Þyngdin á valtaranum skiptir mikið minna máli heldur en að vel sé valtað – og síðast en ekki síst farið nægjanlega vel í kanta til að tryggja festu dúks. Það er því heppilegra í þessu tilfelli að lýsa þeim árangri sem óskað er eftir fremur en að tiltaka þyngd valtans sem er bara einn þáttur af nokkrum sem skiptir máli við límingu dúks.

Greitt er fyrir hvern lengdarmetra linoleum gólflista sem er lagður og er innifalið efni og verkfæri til að fullgera verkliðinn.

1.5 Linoleumlögn á tröppur

Linoleumdúk á að leggja á ofan- og framstig. Á brún hvarrar tröppu skal koma stiganeft úr áli: **<Framleiðandi, tegund, litur, vörunúmer>** og skal það fest með skrúfum og límkiti⁶. Á vegg með hverri tröppu skal leggja **<Hæð í sentimetrum>** dúklista.

Opnum endum trappa og stigapalla skal loka með þvottakanti af gerðinni **< Framleiðandi, tegund, litur, vörunúmer>**⁷.

Greitt er fyrir hvert stykki tröppu og er innifalið efni og verkfæri til að fullgera verkliðinn. Ath lögn á stigapalla fellur undir greiðslu 1.3 Linoleumdúklögn á gólf.

1.6 Öryggisdúkur á gólf

Öryggisdúkur skal vera af gerð **< Framleiðandi, tegund, litanúmer, þykkt>** og litaskipting skal vera skv. teikningu **<Nr. Teikningar>**. Öll samskeyti eiga að vera soðin með þræði viðeigandi við litanúmer dúks skv. skilgreiningu frá framleiðanda. Haga skal lögn þannig að ekki verði til óþarfa samskeyti og að samskeyti séu sem fjærst vatnságangi. Dúk skal leggja heilan í kverkar. Sjáanleg hæð öryggisdúksdúks á vegg skal vera **<Hæð í sentimetrum>**. Þar sem gólf- og veggdúkur mætast á að gólfdukur að ná amk 2 cm hærra upp á vegg og spartla út brún hans. Í votrymum eiga öll inn- og úthorn að skerast saman í 45° og sjóða með suðubræði. Dúk skal líma með viðeigandi lími og í nægjanlegu magni skv. framleiðanda dúks. Árangur af límingu skal vera með þeim hætti að allur dúkur sé og haldist fastur við eðlilegan ágang og aðstæður.

Greitt er fyrir hvern fermetra dúks sem er lagður og er innifalið efni og verkfæri til að fullgera verkliðinn.

1.7 Veggdúkur

Veggdúkur skal vera af gerð **< Framleiðandi, tegund, litanúmer, þykkt>** og litaskipting skal vera skv. teikningu **<Nr. Teikningar>**. Öll samskeyti eiga að vera soðin með þræði viðeigandi við litanúmer dúks skv. skilgreiningu frá framleiðanda. Haga skal lögn þannig að ekki verði til óþarfa samskeyti og að samskeyti séu sem fjærst vatnságangi og að dúkur sé heill í inn- og úthornum. Dúk skal líma með viðeigandi lími og í nægjanlegu magni skv. framleiðanda dúks. Árangur af límingu skal vera með þeim hætti að allur dúkur sé og haldist fastur við eðlilegan

⁶ Í öllum álnefum sem almennt hafa verið notuð á Íslandi hingað til koma þau með forsniðnum götum frá framleiðanda fyrir skúfur til að festa þau. Það eykur mjög á öryggi og endingu að þau séu einnig límd.

⁷ T.d.: Bolta, Special-Profiles, svartur, Item 20397 (<http://www.bolta-industrie.de>)

ágang og aðstæður. Neðri brún veggdúks skal vera í sömu hæð frá gólfi og áður skilgreind sjáanleg hæð öryggisdúks á vegg eða <Hæð í sentimetrum>. Neðri brún veggdúks á að kaldsjóða við gólfduk. Skurði við loft á að loka með sveppafríu kíttri í sama lit og veggduk.

Greitt er fyrir hvern fermetra dúks sem er lagður og er innifalið undirvinna, efni og verkfæri til að fullgera verkliðinn.